

Sp.

669. Fyrirspurn

[326. mál]

til sjávarútvegsráðherra um skipti eða sölu aflakvóta milli skipa.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Hversu mikil brögð eru að kvótaskiptum, sbr. 18. gr. reglugerðar um stjórn botnfiskveiða 1984, milli skipa:
 - a) frá sömu verstöð,
 - b) milli verstöðva og
 - c) að öðru leyti, sbr. lokamálsgr. 18. gr., að fengnu samþykki sjávarútvegsráðuneytis og umsögn sveitarstjórna og sjómannafélaga í viðkomandi stöð?
2. a) Er ráðuneytinu kunnugt um viðskipti með aflakvóta milli útgerða?
b) Hefur ráðuneytið heimilað slík viðskipti?
3. Ef svo er, getur ráðuneytið upplýst
 - a) á hvaða verði tonnið af þorski gengur í slíkum viðskiptum?
 - b) hversu mikið aflamagn hefur þannig gengið kaupum og sölum?
 - c) hver er hlutur áhafna þeirra skipa sem selt hafa hluta af aflakvóta sínum, eða kemur hagnaður eingöngu í hlut útgerðarinnar?
4. Ef ráðuneytinu er, á þessu stigi málsins, ókunnugt um slík kvótaviðskipti, mun það beita sér fyrir rannsókn á málinu?